

Nd.

## 716. Frumvarp til laga

[165. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

### 1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Skemmtanaskatti þeim, sem innheimtur er samkv. lögum þessum og viðaukum við þau, skal varið þannig:

- a. 25% skattsins renni í rekstrarsjóð þjóðleikhússins, og skal honum varið samkvæmt ákvæðum laga nr. 86/1947, um þjóðleikhús.
- b. 45% skattsins renni í þjóðleikhússjóð, til að ljúka byggingu þjóðleikhússins.
- c. 20% skattsins renni í félagsheimilasjóð, og skal honum varið eftir því sem fyrir er mælt í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili.
- d. 10% skattsins renni til lestrarfélaga og til kaupa á kennslukvikmyndum. Skal  $\frac{1}{3}$  hluti þess fjár renna í styrktarsjóð lestrarfélaga, en  $\frac{2}{3}$  til kennslukvikmyndasafns.

### 2. gr.

Byggingarnefnd þjóðleikhússins er heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til að ljúka byggingu þjóðleikhússins, enda skal lánið endurgreitt af tekjum þjóðleikhússins.

### 3. gr.

Lög þessi gilda frá og með 1. júní 1950 og þangað til byggingarkostnaður þjóðleikhússins er að fullu greiddur.

Meðan lög þessi gilda, frestast framkvæmd laga nr. 85/1947, um breyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Lög nr. 53/1949, um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, falla úr gildi 1. júní 1950.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frv. til 1. um breyting á l. nr. 56/1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, er ríkisstjórnin lagði fyrir Alþingi 1947, var tekjum af skemmtanaskatti beint í félagsheimilasjóð og rekstrarsjóð þjóðleikhússins frá 1. janúar 1948. Stafaði þetta af því, að talið var — og í því efni farið eftir upplýsingum þjóðleikhúsnefndar — að nægilegt fé hefði þá safnast til að ljúka byggingu leikhússins.

Síðar kom í ljós, að of mikillar hjartsýni hafði gætt í þessum efnum og var lagt fram stjórnarfrumvarp á þingi 1949, er miðaði að því að fá þjóðleikhússjóði aftur nokkurn hluta skemmtanaskattsins (35%). Frv. var breytt í meðferð þingsins, og hlaut sjóðurinn 25% teknanna til sinna þarfa frá 1. janúar 1949.

Nú er byggingu leikhússins lokið. Samkvæmt yfirliti þjóðleikhúsnefndar eru enn ógreiddar 3,3 milljónir króna í lausaskuldum vegna byggingarinnar. Enn fremur hafa verið tekin lán, er nema tæpum 6 milljónum króna, auk vaxta.

Þar sem svo er komið, að lánsmöguleikar leikhússins hafa verið notaðir til hins ýtrasta, en miklar skuldir, sem aðkallandi er að greiða, telur menntamálaráðuneytið eigi annað fært en leggja til, eins og frv. þetta ber með sér, að 45% skemmtanaskattsins verði beint í byggingarsjóð leikhússins, og styrkveitingum félagsheimilasjóðs að nokkru skotið á frest meðan verið er að greiða þessa skuld. Það er vitað mál, að félagsheimilasjóði var fenginn hluti skemmtanaskattsins árið 1947 í fullu trausti þess, að nægilegt fé yrði fyrir hendi til þess að ljúka leikhúsbyggingunni, og þótt starfsemi sú, sem félagsheimilasjóður á að styðja, sé nauðsynleg, þá verður samt fyrst og fremst að koma þjóðleikhúsmálinu í höfn. Til þess

á, að dómi menntamálaráðuneytisins, að nota skemmtanaskattinn, en ráðuneytið treystir sér eigi til að fara fram á framlög úr ríkissjóði til greiðslu þessa kostnaðar.

Þessa afstöðu ráðuneytisins má eigi skilja á þann veg að lítils sé vert um hlutverk félagsheimilasjóðs. Þvert á móti. En það haggar eigi þeirri staðreynd, að þjóðleikhúsbyggingin myndi eigi hafa verið svipt tekjum af skemmtanaskatti, ef menn hefði órað fyrir, að jafnmikið væri ógreitt vegna byggingarinnar og raun ber vitni.

Í lögum nr. 77/1947, um félagsheimili, er íþróttanefnd og fræðslumálastjóra falið að gera tillögur til menntamálaráðherra um styrkveitingar úr félagsheimilasjóði. Ráðuneytið ræddi við þessa aðila um fjárhag leikhússins og leitaði álits þeirra á því, hvort unnt myndi að draga svo mjög úr styrkveitingum félagsheimilasjóðs, m. a. vegna takmarkaðra fjárfestingarleyfa, að hægt yrði að lána leikhúsinu fé sjóðsins að mestu á næstu árum, gegn endurgreiðslu síðar af þeim hluta skemmtanaskattsins, sem leikhúsinu er ætlaður. Íþróttanefnd hefur í svari sínu til ráðuneytisins talið, að verkefni félagsheimilasjóðs muni krefjast alls þess fjármagns, sem honum er ætlað að lögum. Þar sem svo er ástatt, telur ráðuneytið sér eigi heimilt að lána fé sjóðsins, en leggur til að farin verði sú leið, sem í frumvarpi þessu greinir.